

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 100/2005

frá 8. júlí 2005

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2005 frá 29. apríl 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/9/EB frá 28. janúar 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur með tilliti til aðlögunar VII. viðauka við hana að tækniframförum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32005 L 0009:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/9/EB frá 28. janúar 2005 (Stjtið. ESB L 27, 29.1.2005, bls. 46).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/9/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júlí 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 239, 15.9.2005, bls. 46 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 46, 15.9.2005, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 27, 29.1.2005, bls. 46.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 8. júlí 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.